



Fundargerð

Tilv. 1410019/1.7

Fundur: Grisjunarráð 1/2014.
Dagsetning og tími: 6. október 2014, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs.

Dagskrá:

1. Hlutverk grisjunarráðs og grisjunarsjónarmið.
2. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – grunnskólaumsóknir.
3. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – vottorð vinnuveitenda.
4. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins í Vestmannaeyjum dags. 29. apríl 2014 – fjárhagsbókhald og innheimtukerfi.
5. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins í Vestmannaeyjum dags. 29. apríl 2014 – starfsmannakerfi.
6. Grisjunarbeiðni Mannvirkjastofnunar dags. 9. maí 2014 – fylgiskjöl umsókna og erinda.
7. Grisjunarbeiðni Embættis sérstaks saksóknar dags. 23. maí 2014 – tölvupóstar vegna starfsmannamála.
8. Grisjunarbeiðni Íþróttá- og ólympíusambands Íslands dags. 2. júní 2014 – fylgiskjöl bókhalds.
9. Grisjunarbeiðni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands dags. 5. júní 2014 – fylgiskjöl umsókna.
10. Grisjunarbeiðni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands dags. 5. júní 2014 – fylgiskjöl bókhalds.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Hlutverk grisjunarráðs og grisjunarsjónarmið.

Eiríkur G. Guðmundsson fór yfir hlutverk grisjunarráðs og þau grisjunarsjónarmið sem hafa verið viðhöfð við ákvörðun um grisjun skjala hjá stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 66/1985. Eiríkur lagði fram skjal um verklag við undirbúning og töku ákvarðana um varðveislu og grisjun opinberra skjala. Verklag þetta er mótað á grundvelli nýrra laga um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, að teknu tilliti til reynslu fyrra grisjunarstarfs og að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið.



2. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – grunnskólaumsóknir (málsnr. 1405006).

Afgreiðslu frestað. Óskað er eftir nánari upplýsingum hvar gögnin sem óskað er eftir að eyða séu varðveitt. Sé verið að óska eftir eyðingu skjala hjá grunnskólum Akureyrarbæjar verði að liggja fyrir samþykki hvers skólastjóra sem er ábyrgðarmaður skjalastjórnar og skjalavörslu sinnar stofnunar skv. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Jafnframt þarf að hafa samráð við héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafnsins á Akureyri skv. 8. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

3. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – vottorð vinnuveitenda (málsnr. 1405007).

Afgreiðslu frestað. Óskað er eftir upplýsingum hvort samráð hafi verið haft við héraðsskjalavörð Héraðsskjalasafnsins á Akureyri skv. 8. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

4. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins í Vestmannaeyjum dags. 29. apríl 2014 – fjárhagsbókhald og innheimtukerfi (málsnr. 1405001).

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum í Vestmannaeyjum er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds (keyrslulista, staðgreiðsluskjöl, skilagreinar og afrit kvittana) sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

5. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins í Vestmannaeyjum dags. 29. apríl 2014 – starfsmannakerfi (málsnr. 1405002).

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum í Vestmannaeyjum er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds (stimpilkort, yfirvinna, launalistar o.fl.) sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

6. Grisjunarbeiðni Mannvirkjastofnunar dags. 9. maí 2014 – fylgiskjöl umsókna og erinda (málsnr. 1405009).

Afgreiðslu frestað. Óskað er eftir nánari upplýsingum um umsóknir og erindi sem fylgiskjölin heyra til og hvort að stofnunin meti það svo að nægilegt sé að varðveita fylgiskjölin eingöngu á rafrænu formi, s.s. með tilliti til laga.

7. Grisjunarbeiðni Embættis sérstaks saksóknar dags. 23. maí 2014 – tölvupóstur vegna starfsmannamála (málsnr. 1405045).

Beiðnin var samþykkt. Embætti sérstaks saksóknara er heimilt að eyða umbeðnum tölvupóstum, skv. grisjunarbeiðni, sem snúa að tilkynningum vegna starfsmannamála þegar hagnýtu gildi þeirra er lokið. Ákvörðunin byggir á því að upplýsingar, sem fram koma í tölvupóstunum og ber að varðveita,



verði varðveittar á öðrum stað í skjalasafni embættisins og að varðveisla þeirra upplýsinga í tölvupóstum verði þar með óþörf.

Dagskrárliðum 8-10 frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 13:45.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)